



17. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 15. janúar 2021 á fjarfundi.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Gunnarsson (GG), Gunnar Þór Gestsson (GP), Gissur Jónsson (GJ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Lárus B. Lárusson (LBL), og Auður Inga Þorsteinsdóttir (Alþ) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuðu: Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK) og Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ.

- Fundur settur kl. 16:00.**
- Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.**
 - Alþ gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundum.
- Breytingar á skipan í stjórn UMFÍ.**
 - HV lagði til að RH og JSI skipti um hlutverk. Héðan í frá verði þá JSI varaformaður og RH formaður framkvæmdastjórnar. Stjórn samþykkir tillöguna.

HE kom inn á fundinn kl. 16:15.

- Fjármál – uppgjör 2020.**
 - Drög að uppgjöri fyrir 2020 lögð fram til kynningar.
- Fundargerðir lagðar fram til kynningar.**
 - 5. fundargerð Framtíðarnefndar.
 - 26. fundargerð Framkvæmdastjórnar.
- Skil á ársskýrslum sambandsaðila vegna útgreiðslu lottófjár.**
 - Tillaga frá framkvæmdastjórn UMFÍ:
Samkvæmt reglum UMFÍ um lottó og lottóúthlutanir eru forsendur fyrir úthlutun lottófjár til sambandsaðila að starfsskýrslu/ársskýrslu sé skilað fyrir 15. nóvember ár hvert. Einnig skal tekið tillit til þess hvort aðalfundur/ársþing sambandsaðila hafi farið fram.
Í ljósi aðstæðna vegna Covid á árinu 2020 leggur framkvæmdastjórn til að stjórn UMFÍ samþykki að við útgreiðslu á lottó til sambandsaðila þann 15. janúar 2021 verði litið fram hjá því skilyrði að haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing á árinu 2020. Samhliða setur stjórn UMFÍ það skilyrði að sambandsaðila ber að skila til þjónustumiðstöðvar UMFÍ ársreikningi sínum vegna ársins 2019 áður en til útgreiðslu kemur.
Framkvæmdastjórn vill þó árétta að ofangreind tillaga til stjórnar er ekki talin hafa fordæmisgildi enda er um að ræða viðbrögð við fordæmalausum tímum þar sem erfitt hefur reynst að halda opnar fjöldasamkomur eins og hreyfinginn vill hafa til grundvallar við framkvæmd aðalfunda/ársþinga.

Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjórnar.

7. Starfs- og verkáætlun stjórnar 2021.

- Farið yfir starfs- og verkáætlun stjórnar fyrir árið 2021.

8. Verkefni stjórnar og samtakanna á næstu mánuðum.

- HV fór yfir verkefni stjórnar og samtakanna á næstu mánuðum. Þau eru m.a. þessi:
 - Endurnýjun á stefnu UMFÍ.
 - Endurskoðun á úthlutun fjármagns frá Íslenskri getspá og varðandi hlutverk íþróttahéraða.
 - Þing sambandsaðila og sérsambanda 2021.

9. Sviðsmyndagreining vegna Landsmóta UMFÍ 2021.

GS og LBL kynntu sviðsmyndagreiningu sem þeir hafa unnið vegna fyrirhugaðra Landsmóta UMFÍ árið 2021. Tilgangurinn með sviðsmynda-greiningunni er að draga fram mögulegar og ólíklegar birtingarmyndir á framvindu næstu mánaða til að undirbúa viðbrögð UMFÍ við þeim tækifærum og ógnunum sem UMFÍ og mótshaldarar standa frammi fyrir vegna áhrifa heimsfaraldurs Covid-19.

Stjórn UMFÍ samþykkir að vísa greiningunni til móta- og viðburðanefndar til frekari vinnu og óskar eftir upplýsingum frá nefndinni eigi síðar en á stjórnarfundi 9. apríl.

Stjórn felur jafnframt GS og LBL að vinna kynninguna m.t.t. þess að unnt sé að senda hana út til sambandsaðila.

10. Önnur mál.

- AIP, GS og LBL sögðu frá fundi með fulltrúum Húnaþings vestra.

SÓJ ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 18:30.